

88. fundur

Boðað er til fundar í skipulags- og byggingarnefnd. Fundurinn verður haldinn í fundarsal Ráðhússins þriðjudaginn 12. desember 2006, kl. 18:00.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eyþórsdóttir, Emil Þ. Guðbjörnsson, Þorbergur Bæringsson, Björgvin Ólafsson, Guðmundur Kristinsson, Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerð setti fund og stjórnar.

Dagskrá:

1. Deiliskipulagstillaga af parhúsum við Móholt/ Búðanesveg dags. 12.12. '06.
*Nefndin leggur til að unnið sé áfram með tillögur eitt og tvö.
Guðmundur situr hjá.*
2. Deiliskipulagstillaga af atvinnuhúsnaði á hafnarsvæði við Nesveg dags.12.12.'06.
Nefndin leggur til að unnið sé áfram með tillöguna.
3. Tillögur frá Steinþóri Sigurðssyni um varðveislu og þróun gamla miðbæjarins samkvæmt bréfi dags. 14. nóvember 2006.
Erindi lagt fram. Nefndin þakkar Steinþóri fyri áhuga hans og tillögur að verndun miðbæjarins.
4. Endurskoðun á aðalskipulagi.
Endurskoðun á aðalskipulagi rædd.
5. Hraðahindrun á horni Lágholts og Sundabakka.
Nefndin leggur til að laga hraðahindrun við Lágholt og Sundabakka og koma fyrir bulduspelum í hallanum á Sundabakka og botnlanga við Lágholt 21a.
6. Reglugerð um skilti í Stykkishólmsbæ.
Byggingarfulltrúa falið að vinna tillögu að reglugerð um skilti.
7. Fyrirspurn frá Bæring B. Jónssyni arkitekt f.h. Friðriks Jónssonar, um að byggja við Víkurgötu nr. 1 samkvæmt teikningum frá Glámu Kím dags. 8.12.2006.
Nefndin tekur jákvætt í fyrirspurnina. Grenndarkynna ber erindið þegar að byggingarleyfisumsókn berst.
8. Lögð fram tillaga að umferðarreglum við Búðanesveg, Aðalgötu, Tjarnarás, Búðanes og Hjallatanga.
Nefndin mælir með að tillögur verði samþykktar. Auk þessa, að mörk 35 km hámarkshraða við Aðalgötu verði færður vestur fyrir Búðanesveg og að 50 km hámarkshraði verði á Stykkishólmsvegi í vestur að flugvallarafleggjara. Stöðvunarskylda verði við Tjarnarás gagnvart Aðalgötu og biðskylda við Borgarhlíð gagnvart Borgarbraut.

9. Lögð fram tillaga að útfærslu á skipulagi miðbæjar ásamt lóðarmörkum við Hafnargötu 1,5,7, Aðalgötu 2 og Frúarstíg nr. 1.

Skipulags- og byggingarnefnd gerir athugasemd við legu göngustígs og staðsetningu á bílastæðum milli Hafnargötu 1 (apóteksins) og Norska hússins. Nefndin leggur til að göngustígur verði sveigður í suður og yrðu þá tvö samliggjandi bílastæði á lóð Hafnargötu nr. 1. Nefndin leggur einnig til að ekki verði sérmerkt bílastæði fyrir Norska húsið.

10. Önnur mál.

10.a *Nefndin leggur til að athugað verði gerð hringtorgs á gatnamótum Búðanesvegur og Aðalgötu til að draga úr hraða og auðvelda umferðarflæði til og frá leikskóla.*

10.b *Eydís óskar eftir að fundartíma verði flýtt um klukkutíma. Fundarmenn fallast á það.*

10.c *Bent er á að fjarlægja þurfi númerslausa bíla af almennum bílastæðum.*

Fleira var ekki rætt. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 21:20.